



Kópavogi, 14. nóvember 2024
2001382/211.01 HH

Efni: Starfsáætlanir grunnskóla 2024 - 2025

Samkvæmt 29 gr. grunnskólalaga ber grunnskólum að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Í starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfsfólk skólans, stjórnkerfi, stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skal lögð fyrir skólaráð til staðfestingar.

Skólastjórar grunnskóla í Kópavogi hafa skilað starfsáætlunum fyrir sinn skóla fyrir skólaárið 2024-2025. Allar starfsáætlanir uppfylltu viðmið sem sett eru fram hér að neðan.

Kaflar	Inntak
Formáli	Hagnýtar upplýsingar Hagnýtar upplýsingar um s.s. fjöldi nemenda og starfsmanna, opnunartíma skólans, veikinda- og leyfistilkynningar, vefsíðu, samfélagsmiðla o.fl.
1.	Stjórnskipulag skólans og skipurit - Samantekt á fjölda stjórnenda, kennara og annarra starfsmanna - Listi yfir starfsfólk og starfsheiti þess í skólanum.
2.	Skóladagatal og skýringar á útfærslu skólans - Kennsludagar skulu vera 180. - Leyfilegt er að víkja 10 daga frá stundaskrá. Auðkenna skal þá daga sérstaklega. - Lengd jólaleyfis, páskaleyfis og vetrarleyfis skal koma skýrt fram (Almennur hluti aðalnámskrár grunnskóla, bls. 67). Sjá nánar minnisblað skólanefndar.
3.	Tilhögun kennslu - Gert grein fyrir aðgengi að kennsluáætlunum árganga á heimasíðu skóla. - Lýsing á fyrirkomulagi stuðnings við nemendur í skóla án aðgreiningar. - Lýsing á fyrirkomulagi kennslu í íslensku sem öðru tungumáli í samræmi við úthlutunarreglur. - Ef um er að ræða sérstakar áherslur í námi á skólaárinu skal lýsa því. - Tilhögun/fyrirkomulag námsmats - Heimanámsstefna skólans.
4.	Starfsáætlun nemenda Heildartími hvernar námsgreinar í hverjum árgangi (Almennur hluti aðalnámskrár grunnskóla bls. 51-52).

	– Upplýsingar um stundaskrá nemenda, foreldravíðtöl, helstu viðburði skólaársins og vettvangsferðir sem tengjast námi nemenda.
5.	Val nemenda í 8. – 10. bekk – Framboð valgreina og umfang sem á að vera allt að 1/5 hluti námsins (Almennur hluti aðalnámskrár grunnskóla, bls. 50). – Ef um er að ræða samstarf við aðra skóla/stofnanir skal gera grein fyrir því.
6.	Skólabragur /Skólareglur – Lýsing á verkefnum skólaársins sem móta jákvæðan skólabrag. – Lýsing á skólareglum og viðbrögðum við brotum á þeim. Sjá nánar reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. – Viðbrögð við skólasókn
7.	Skólaráð, foreldrafélag, nemendaráð og aðrar nefndir/teymi innan skóla – Yfirlit yfir nefndir og ráð skólans. – Starfsáætlanir nefnda og ráða.
8.	Foreldrasamstarf – Gera grein fyrir samstarfi við foreldra og upplýsingamiðlun til þeirra um nám nemenda og skipulag skólastarfs. – Hvað gerir skólinn til að koma til móts við foreldra með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn svo þeir geti verið virkir þátttakendur í skólasamfélaginu?
9.	Viðfangsefni innra mats – Gera skal grein fyrir hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats á árinu og skulu þeir vera í samræmi við umbótaáætlun.
10.	Upplýsingar um stoðþjónustu – Viðvera hjúkrunarfræðings, sálfræðings, talmeinafræðings og aðkoma annarra sérfræðinga, starfshlutfall námsráðgjafa og aðgengi nemenda að náms- og starfsráðgjöf. – Önnur sérfræðipjónusta sem kemur frá menntasviði Kópavogs.
11.	Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf – Bekkjarkvöld, ferðalög, árshátíð eða aðrir viðburðir sem skólinn skipuleggur fyrir einstaka bekki, árganga eða skólann í heild utan hefðbundinnar stundaskrár.
12.	Símenntunaráætlun – Símenntunaráætlun skólans. Hvaða námskeið og fræðsla fyrir starfsfólk er skipulögð af skólans hálfu. Símenntunaráætlanir fyrir skólann í heild þurfa að vera í samræmi við umbótaáætlanir og styðja við þær (Almennur hluti aðalnámskrár grunnskóla, bls. 62).
13.	Rýmingaráætlun – Birta rýmingaráætlun og hvernig staðið er að kynningu fyrir nemendum og starfsfólki. Viðbrögð við vá – Áætlanir um t.d. veikindafaraldur, óveður, eldgos, jarðskjálfta. Vísa má í áætlun sveitarfélags ef þær eru til staðar.
14.	Skólaakstur – Ef um skólaakstur er að ræða skal gera grein fyrir skipulagi hans. Skólamáltíðir – Hvernig er mótuneyti rekið (eldað sjálf/aðkeyptur matur).

15.	Annað sem varðar starfsemi skólans ár hvert eins og t.d. þróunarstarf eða Erasmus+ verkefni - Hvaða þróunarstarf er í gangi til að styðja við stefnu og starf skólans.
Fylgiskjöl	Í starfsáætluninni skal koma fram að skólaráð hafi fjallað um hana og samþykkt – Fulltrúar í skólaráði skrifa undir á sérstakt eyðublað sem fylgir með skólanámskrá til staðfestingar á því að hún hafi verið rædd í ráðinu. Önnur fylgiskjöl ef þurfa þykir.

Starfsáætlanir grunnskólanna í Kópavogi gefa góða mynd af skólastarfinu í heild. Hér á eftir verða dregin fram nokkur verkefni sem koma fram í þeim.

Kennsluhættir

Álfhólsskóli býður upp á verkefnið Bland í poka – BÍP, sem hlaut Kópin 2021. Nemendur taka þátt í BÍP-tímum einu sinni í viku í tvær klukkustundir og í BÍP-vali í klukkustund. Kennslan fer fram í teymisvinnu með sérkennurum, þar sem unnið er með þemu í 4–6 vikur. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og nemendur vinna skyldu- og valverkefni tengd hæfniviðmiðum, með möguleika á að bæta eigin hæfni.

Kársnesskóli er syngjandi skóli þar sem yngsta stigið hefst með samsöng þrisvar í viku. Skólakórinn, undir stjórn Álfheiðar B. Björgvinsdóttur, er flaggskip skólans og tekur þátt í ýmsum verkefnum innan skólans og utan. Litli kór heimsækir Sunnuhlíð einu sinni á önn, og á aðventu syngja Skólakórinn og 5. bekkur jólalög í Kópavogskirkju. Á vorin halda allir kórar Sönghátíð Kársness, og í samstarfi við Kópavogskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands fá nemendur fjölbreytta tónlistarþjálfun.

Nemendur í 10. bekk **Kársnesskóla** vinna lokaverkefni síðustu daga grunnskólagöngunnar, annaðhvort einir eða í hópum. Þeir velja sjálfir viðfangsefni og útfærslu, skrá verkefnin í vefdagbók og kynna afurðir sínar fyrir foreldrum og 9. bekk á lokadegi. Verkefnin eru fjölbreytt, t.d. smíði kassabíla, borðspila og skartgripa, útgáfa matreiðslubóka og tónlistarflutningur.

Á fimm vikna fresti er hefðbundin stundaskrá brotin upp á elsta stigi **Kársnesskóla** og nemendur vinna þemaverkefni í stað bóklegra kennslustunda. Á skólaárinu eru alls sex þemavikur, þrjár á hvorri önn, þar sem bóklegar námsgreinar fléttast saman og lykilhæfni vegur þungt.

Þemaverkefnin eru þróuð af kennurum elsta stigs og byggja á hugmyndafræði verkefnamiðaðs náms (PBL – Project Based Learning). Í verkefnamiðuðu námi er lögð áhersla á færniþætti 21. aldar, s.s. gagnrýna hugsun, lausnaleyti, frumkvæði, ábyrgð og samvinnu. Verkefnin byggja á raunverulegum viðfangsefnum sem nemendur rannsaka og tengja við, með það að markmiði að efla þessa færniþætti og gera nemendur að virkum þátttakendum í samstarfi við aðra.

Í **Hörðuvallaskóla** hefur verkefnamiðað þemanám einnig verið í þróun sl. 3 ár en þar eru 21. aldar færniþættir eins og gagnrýnin hugsun, lausnaleyti, frumkvæði, ábyrgð og samvinna meginþæðir í verkefnum sem byggja á raunverulegum viðfangsefnum sem nemendur rannsaka og tengja við. Með þjálfun og menntun kennara í PBL er markmiðið að efla þessa færniþætti og gera nemendann að virkum þátttakanda í

samstarfi við aðra nemendur auk þess að efla nemendalýðræði sem gengur út á að nemendur hafi frelsi og val til ákvarðana um eigið nám innan marka námskrár.

Kóraskóli leggur áherslu á hæfnimiðað þemanám í bland við kjarnavikur, byggt á þróunarvinnu Hörðuvallaskóla. Vorið 2019 hófst umbótaverkefni með áherslu á opnar stundaskrár, samþættingu bóklegra greina og leiðsagnarmat, í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og hæfnipætti 21. aldar. Áhersla er lögð á teymiskennslu, lausnaleitarnám (PBL), verkefnaþiðað nám og leiðsagnarmat. Aukin þátttaka nemenda í námi og námsmati stuðlar að betri námsárangri og undirbýr þá fyrir óvissa framtíð.

Lindaskóli tók upp verkefnið *Kveikjum Neistann*, sem er ný nálgun í lestrarkennslu byggð á rannsóknum á lestrarkennslu og mati á læsi nemenda í upphafi skólagöngu. Markmiðið er að bæta lestrarfærni með breyttu skipulagi skóladags, þar sem nemendum er skipt í minni hópa, hreyfingu bætt við morgnana og val er gefið í ástríðutímum seinnipart dags. Áhersla er lögð á lestur, stærðfræði, náttúrufræði, hreyfingu og hugarfar.

Síðasta vor undirrituðu Lindaskóli, Kópavogsbær og Rannsóknarsetur um menntun og hugarfar samstarfssamning til þriggja ár, og Lindaskóli verður fyrstur skóla í Kópavogi og á Íslandi (utan Vestmannaeyja) til að hefja innleiðingu á Kveikjum Neistann í 1. og 2. bekk. Sérkennari heldur utan um verkefnið ásamt umsjónarkennurum, með stuðningi frá Hermundi Sigmundssyni prófessor og Svövu Hjaltalín verkefnastjóra.

Í **Salaskóla** er val, þemavinna, fastur liður á stundaskrá í 8. – 10. bekk. Þá vinna nemendur í alls konar hópum að ýmsum þverfaglegum viðfangsefnum. Markmiðið er að nemendur glími við heildstæð verkefni og leysi þau í samvinnu við aðra, jafnframt því fá þeir nokkurt val um viðfangsefni. Verkefnin eru afar fjölbreytt og krefjandi. Margs konar þemavinna er einnig viðhöfð í öðrum árgöngum, stundum þvert á árganga en einnig innan árganga eða bekkja.

Í **Snælandsskóla** er unnið með verkefnin **Flæði** og **Frelsi**.

Í **Flæði** á miðstigi er stundataflan skipulögð þannig að fyrstu fjóra tíma dagsins er lögð áhersla á bóklega kennslu og kjarnafög, en eftir það fer fram vinna í Flæði. Þar koma inn list- og verkgreinar, sund og íþróttir. Eftir það fer fram sex vikna vinna í lotum undir handleiðslu kennarateyma sem sérhæfa sig í viðfangsefnum eins og lífsleikni, útikennslu, söguramma, snillismiðju, STEM og listum. Markmiðið er að vinnan verði fjölbreytt, þverfagleg og stuðli að samvinnu með reglulegri uppstökkun hópa.

Í **Frelsi** á unglingastigi fá nemendur tvær kennslustundir á viku í áhugasviðstímum sem hluta af valgreinum. Markmiðið er að koma til móts við áhugasvið nemenda með fjölbreyttum verkefnum þar sem þeir geta mótað eigin nám. Nemendur velja sér verkefni sem geta verið stutt eða lengri, samþætt eða tengd bæði bóklegum og list/verklegum fögum.

Skólaárið 2024 – 2025 verður **Vatnsendaskóli** með **Útiskóla** fyrstu fjórar kennsluvikurnar og síðustu fjórar fyrir 1.-4.árgang. Hver árgangur er allan skóladaginn einu sinni í viku í Guðmundarlundi. Markmiðið er að nemendur fái tækifæri til að vinna úti náttúrunni í fjölbreyttum viðfangsefnum.

Teymiskennsla

Allir grunnskólar Kópavogs hafa hafið innleiðingu á teymiskennslu í skólastarf sitt og samstarfið teygir sig sífellt ofar á aldursstigin. *Í teymiskennslu er litið á hvern árgang sem eina heild og umsjónarkennarar árgangs bera sameiginlega ábyrgð á nemendum og vinna saman að því að skipuleggja nám þeirra. Þetta fyrirkomulag stuðlar að sveigjanleika og býður upp á að nemendur vinni í mismunandi hópum í samræmi við viðfangsefni hverju sinni. Þannig nýtast styrkleikar og hæfni starfsfólks einnig best. Eitt markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að efla félagsþroska og félagsfærni nemenda, auka samkennd og þjálfar nemendur í að vinna með ólíkum einstaklingum að fjölbreyttum verkefnum. Nemendur læra að taka tillit til þarfa hvers annars og verða hæfari til að lifa og starfa í lýðræðis þjóðfélagi.*

Markmið teymiskennslu

- Að skapa heildstæða kennslu fyrir nemendur og að litið sé á árganginn sem einn bekk í stað sérstakra bekkjardeilda
- Að efla fjölbreytni í kennsluháttum
- Að bæta samvinnu og samskipti nemenda
- Að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir sem leið til einstaklingsmiðaðs náms
- Að bæta og auka samstarf starfsfólks með aukinni faglegri samvinnu.

Allir grunnskólar hafa á síðustu árum verið að þróa breytingar á kennsluháttum í tengslum við innleiðingu á spjaldtölvum en margir skólar hafa einnig lagt sérstaka áherslu á þróun kennsluhátta á unglingastigi. Tilgangur þess er að auka fjölbreytni í kennsluaðferðum og vinnubrögðum nemenda til að geta betur komið til móts við þarfir þeirra en að auki að vekja áhuga og ábyrgð nemenda á náminu.

Námsmat

Samhliða því að þróa kennsluhætti hefur námsmat einnig verið endurskoðað í flestum skólum undanfarin ár.

Í aðalnámskrá grunnskóla (2013) kemur skýrt fram að kennarar skuli leggja áherslu á leiðsagnarmat í kennslu sinni sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skal stefna. Áhersla aðalnámskrár á leiðsagnarmat kemur mjög skýrt fram bæði í umfjöllun um námsmat almennt og í umfjöllun um greinasvið. Umræða um leiðsagnarmat hefur þróast yfir í leiðsagnarnám, þar sem hlutverk nemandans er meira í brennidepli og að þeir geri sér grein fyrir stöðu sinni í námi. Í takt við niðurstöður rannsókna (t.d. Wilam og Leahy, 2015) hefur undanfarin ár skapast meiri umræða um tilgang námsmats og áhrif mats á framgang og gæði náms. Í kjölfarið hefur orðið ákveðin hugarfarsbreyting í skólasamfélaginu um námsmat og verkefnaskil almennt sem tekur tíma að innleiða. Áherslan er nú á lærdóm og nám sem ferli en ekki lokaafurð enda sýna rannsóknir að eftir að nemendur skila verkefni fer takmarkað nám fram, þrátt fyrir að þeir fái endurgjöf/einkunn fyrir verkefnið. Hið raunverulega nám fer fram á meðan þeir vinna verkefnið og því nauðsynlegt að þeir fái endurgjöf og leiðsögn kennara á meðan þeir vinna að verkefninu. Afurðin er í þessu samhengi algjört aukaatriði. Þetta hugarfar kristallast í leiðsagnarnámi sem snýst um að veita nemandanum leiðsögn sem hjálpar honum að ná vel skilgreindum markmiðum sem hann stefnir að.

Í kennslustofum þar sem þessi námsmenning ríkir:

- eru nemendum ljós markmið kennslustundar/verkefnis
- eru viðmið um árangur kennslustundar/verkefnis skilgreind (unnið í samstarfi við nemendur)
- er nemendum gefin markviss endurgjöf sem tekur mið af þeim viðmiðum sem sett voru með kennslustund/verkefni. Endurgjöfin er gefin þegar nemandi er viðstaddur og hann þarf að fá tækifæri til að vinna úr henni strax svo hún skili árangri
- fá nemendur tækifæri til að ræða um nám sitt, hvert við annað og við kennarann
- er litið á mistök sem lærdómstækifæri

Leiðsagnarmat felur aldrei í sér dóm heldur nýtist nemendum sem varða á leið sinni í lærdómsferlinu. Þrautseigju er gert hærra undir höfði en því að vinna hratt og undir getu. Í gegnum leiðsagnarmat fá nemendur jafnt og þétt vitnisburð um eigið nám út frá viðmiðum um árangur sem þeir taka þátt í að setja.

Símat

Símat er mat sem fer fram jafnt og þétt, það vísar til tíðni, þ.e. hversu oft er metið. Símat sem ekki hefur markviss leiðbeinandi áhrif fellur ekki undir leiðsagnarmat. Símat getur fallið undir lokamat ef því er safnað saman í þeim tilgangi að láta meðaltal allra skipta sem metið er enda sem lokamat.

Sjálfsmat

Sjálfsmat er mat þar sem nemandinn metur sjálfur eigin frammistöðu. Ef sjálfsmat byggir á skýrum viðmiðum um árangur og nemendur fá tækifæri til að vinna úr því þá getur það verið hluti af leiðsagnarmati. Sjálfsmat getur einnig verið hluti af lokamati.

Jafningjamat

Jafningjamat er mat þar sem nemendur meta verk hvers annars. Ef jafningjamat byggir á skýrum viðmiðum um árangur og nemendur fá tækifæri til að vinna úr því þá getur það verið hluti af leiðsagnarmati. Jafningjamat getur einnig verið hluti af lokamati.

Lokamat

Lokamat er gert í lok ákveðins tímabils og hefur það markmið að meta stöðu nemenda á þeim tímapunkti sem það fer fram. Matsaðferðir lokamats geta verið af ýmsum toga t.d.:

- nemandi velur ákveðið verkefni sem hann leggur fram til lokamats
- kennari leggur fyrir ákveðið verkefni sem nemendur vita að verður nýtt til lokamats
- kennari leggur fyrir próf í ákveðnum þáttum í lok tímabils
- ritgerð eða annað stórt verkefni sem nemandinn hefur unnið jafnt og þétt yfir veturinn er lagt fram til lokamats. Í ferlinu hefur leiðsagnarmat átt sér stað, jafningjamat og jafnvel sjálfsmat).

Lokamat er ekki lagt á alla vinnu nemenda heldur eru ákveðnir þættir valdir til lokamats miðað við viðfangsefni og stöðu nemenda hverju sinni

Námsmat er almennt byggt á hæfniviðmiðum aðalnámskrár og lokamat tekur mið af þeim. Nemendur í 1.- 4. bekk eru metnir með hliðsjón af hæfniviðmiðum við lok 4. bekkjar, nemendur í 5.- 7. bekk eru metnir með hliðsjón af hæfniviðmiðum við lok 7. bekkjar og nemendur í 8.- 9. bekk eru metnir með hliðsjón af hæfniviðmiðum við lok 10. bekkjar. Lokamat nemenda í 10. bekk byggir á hæfnikortum nemenda með hliðsjón af matsviðmiðum við lok grunnskóla.

Mati á námsframvindu með hliðsjón af hæfniviðmiðum er safnað saman á svokölluð hæfnikort nemenda sem eru aðgengileg í Mentor. Nemendur og foreldrar eru upplýstir sérstaklega um stöðu námsmats í lok hverrar annar ásamt upplýsingum um frammistöðu nemenda á tímabilinu.

Skólaþróunarverkefni

Í öllum skólunum 9 er sífellt unnið að því að efla og bæta skólastarfið með ýmsum hætti og hér verður tæpt á nokkrum þeirra.

Álfhólsskóli státar af fjölbreyttum nemendahópi þar sem allir eiga sinn stað: Nemendur af öllum kynjum, með og án fötlunar, með einhverfu, frá mismunandi menningarsvæðum, með hegðunarvanda og flóttabörn. Með tilkomu skóla án aðgreiningar hefur þessi fjölbreytileiki aukist og fjölgun erlendra nemenda hefur eftir hann enn frekar. Skólinn rekur einnig einhverfudeildir og öflug námsver sem styrkja þetta margbreytilega umhverfi.

Haustið 2024 hlaut Álfhólsskóli styrk fyrir verkefnið „Inngilding í Álfhólsskóla,“ sem miðar að því að auka inngildingu allra innan skólasamfélagsins. Verkefnið leggur áherslu á að vekja starfsfólk, nemendur og foreldra til vitundar um forréttindi, fordóma og fjölbreytileika með fræðslu, námskeiðum og umræðum. Stofnað verður inngildingarteymi sem mun funda reglulega og tryggja fræðslu um inngildingu. Teymið mun stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna úr minnihlutahópum í daglegu skólastarfi og ákvarðanatöku, í samstarfi við Unicef-teymi skólans. Einnig mun teymið skipuleggja fjölmeningardag í samstarfi við félagsmiðstöðina og foreldrafélagið til að fagna fjölbreytileikanum í skólanum.

Nýtt verkefni hófst í haust í **Hörðuvallaskóla** með opnun Draumagerðarsmiðjunnar, nýsköpunarver fyrir nemendur til að vinna að skapandi verkefnum. Nemendur fá þar tækifæri til að velja verkefni eftir áhugasviði og styrkleikum, bera ábyrgð á eigin námi og efla skapandi hugsun, samstarfshæfni, þrautseigju og getu til að yfirfæra þekkingu.

Draumagerðarsmiðjan stuðlar að nýsköpun og sjálfstæðum vinnubrögðum í fjölbreyttu námsumhverfi, með aðstöðu og búnaði til nýsköpunar, svo sem þrívíddarprenturum, fjölskerum, sýndarveruleikagleraugum, forritunarbúnaði og grænskjá. Notkun gervigreindar mun styðja við hugmyndavinnu nemenda.

Verkefnið er til þriggja ára, með það að markmiði að festa sig í sessi sem hluti af þróunarverkefnum skólans.

Lindaskóli vinnur að þróun Velliðunarstofu, þar sem náms- og starfsráðgjafi, einnig kallaður velliðunarkennari, starfar með börnum sem þurfa stuðning í félagslegum samskiptum eða upplifa vanlíðan. Velliðunarkennarinn vinnur með nemendum í

skólaforðun og fylgist með börnum sem sýna einkenni sem geta leitt til skólaforðunar. Nemendur geta komið í stofuna til að létt á sér eða komast út úr erfiðum aðstæðum. Kennarar nýta einnig Velliðunarstofuna fyrir jóga og slökun fyrir nemendahópa.

Á skólaárinu 2024-2025 vinna kennarar í **Salaskóla** að þróun fjölbreyttari kennsluhátta, samþættingu námsgreina og skýrari útfærslu námsmats. Styrkur til vinnunnar fékkst úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla. Með samþættu námi fá nemendur aukið tækifæri til að vinna út frá áhugasviði og styrkleikum og skila fjölbreyttum verkefnum. Skil milli námsgreina verða ekki alltaf augljós, sem stuðlar að betra flæði í vinnu þar sem nemendur vinna út frá hæfniviðmiðum nokkurra námsgreina. Nemendur hafa nefnt að þessi aðferð auðveldi þeim að yfirfæra þekkingu og sjá skýrari tilgang verkefna.

Vatnsendaskóli tekur þátt í þremur Erasmus verkefnum þetta skólaárið 2024-2025. Í fyrsta verkefninu er samstarf við kennara í Evrópu með áherslu á umhverfismál og græna orku. Verkefnið heitir **Messages in a bottle**, allir sem koma að verkefninu búa á eyjum. Í öðru verkefninu, sem ber nafnið **Astra@ctive**, vinna íþróttakennarar og umsjónarkennarar í 8. árgangi að samþættingu íþróttanna við stjörnufræði um er að ræða nemenda- og kennaraverkefni. Í þriðja verkefninu er unnið með kennurum og nemendum í Evrópu þar sem séreinkenni hvers skóla eru til grundvallar í hverri heimsókn fyrir sig, hver skóli ákveður þema heimsóknar það verkefni kallast **Accreditation** eða aðildarverkefni.

Hefðir - skólamenning

Allir skólar vinna að verkefnum sem ætlað er að efla skólabrag og skólamenningu og efla samskipti og félagsþroska nemenda. Dæmi um verkefni eru bekkjarfundir, samsöngsstundir, vináttuverkefni Barnaheilla, verkefni sem tengjast uppeldi til ábyrgðar, vinaliðaverkefni, skólaþing og nemendalýðræði.

Snælandsskóli, Vatnsendaskóli, Álfhólsskóli, Kópavogsskóli og Lindaskóli hafa fengið viðurkenningu sem réttindaskólar UNICEF og hafa innleitt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í skólastarfið. **Smáraskóli, Hörðuvallaskóli, Kóraskóli og Kársnesskóli** eru í innleiðingarferli og gert er ráð fyrir að allir skólar bæjarins muni verða réttindaskólar en aðeins Salaskóli stendur út af eins og er.

En í skólunum eru einnig ákveðnar hefðir sem hafðar eru í hávegum ár eftir ár. Má þar til dæmis nefna **Gengið gegn einelti** sem hefur verið árviss atburður í leik- og grunnskólum bæjarins undanfarin ár. Leik- og grunnskólar í hverju skólahverfi hafa tekið sig saman og skipulagt sameiginlega dagskrá til að minna á þetta mikilvæga málefni.

Dagur íslenskrar tungu, 16. nóvember, er haldinn hátíðlegur í öllum skólum bæjarins. Þá er **Stóra upplestrarkeppnin** formlega sett, og nemendur í 7. bekk hefja markvissa æfingu í upplestri og framkomu.

Keppnin skiptist í ræktunarhluta og keppnishluta. Ræktunarhlutinn, sem er mikilvægasti þátturinn, stendur frá degi íslenskrar tungu fram í lok febrúar. Á þessu tímabili er lögð áhersla á vandaðan upplestur og framburð í öllum bekkjum. Upphaf keppninnar er gjarnan markað með upplestri frá verðlaunahöfum fyrra árs. Kennarar sjá alfarið um þær vikur sem helgaðar eru vönduðum upplestri.

Keppnishlutinn felst í upplestrarhátíð hvers skóla í lok febrúar, þar sem tveir til þrír nemendur eru valdir til þátttöku í lokahátíð. Lokahátíðin fer fram í mars í Salnum, þar sem fulltrúar skólanna lesa ljóð og laust mál sem þeir hafa undirbúið.

Keppnin er í raun staðfesting á árangri skólastarfsins og hefur meiri svip af uppskeruhátíð en eiginlegri samkeppni. Markmiðið er að virkja nemendur til að leggja rækt við upplestur sinn yfir veturinn.

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk er frekar nýlegt verkefni sem allir grunnskólar bæjarins taka nú þátt í. Verkefnið gengur út á að efla lestur og framkomu 4. bekklinga. Allir nemendur geta tekið þátt hvernig sem lestrarhæfni er háttað og lesa texta, þulur og vísur, ýmist saman eða á víxl. Litla upplestrarkeppnin hefst á degi íslenskrar tungu og lýkur á bekkjarhátíð í skólanum í mars eða apríl. Þá er foreldrum boðið að koma og hlýða á afrakstur æfinga. Litla upplestrarkeppnin er liður í lestrarhvetjandi verkefnum.

Í **Lindaskóla** hefur skapast hefð fyrir **menningardögum** sem eru uppbrotsdagar síðustu vikuna fyrir jól. Á menningardögum er hefðbundin kennsla brotin upp að einhverju leyti. Nemendur í 1.-7. bekk heimsækja Lindakirkju, nemendur fara á kaffihús sem sett er upp í einni kennslustofu skólans. Nemendur í 7. bekk lesa fyrir yngri nemendur og myndlistarmaður setur upp myndlistasýningu í skólanum. Ýmsir þekktir listamenn hafa sett upp sýningar í miðrymi skólans. Föndursmiðjur eru settar upp hjá eldri nemendum. Nemendur á elsta stigi fara í menningarferðir í miðbæ Reykjavíkur og Kópavogs þar sem merkar byggingar eru skoðaðar og kaffihús heimsótt í leiðinni. Menningardögum lýkur með jólaböllum hjá öllum aldursflokkum.

Fjölgreindaleikar eru árlega haldnir í **Smáraskóla**, **Kársnesskóla** og **Salaskóla**. Þeir eru hugsaðir sem góð og skemmtileg tilbreyting í skólastarfi. Nemendur skólans fá þar tækifæri til að kynnast utan bekkja og árganga. Með fjölgreindaleikunum er verið að sýna fram á að allir hafi sínar sterku hliðar og eigi að fá tækifæri á að njóta sín. Á fjölgreindaleikunum er reynt að vinna með allar greindirnar og skapa hverjum og einum skemmtileg og fjölbreytt verkefni.

Allir nemendur skólans taka þátt. Þeim er skipt í 30 – 40 hópa þvert á skólann. Hóparnir vinna á þessum mismunandi stöðvum hvorn dag sem leikarnir standa yfir. Stöðvarnar eru bæði inni í skólabyggingunni og í íþróttahúsinu. Hver hópur fær u.þ.b. 10 mínútur á hverri stöð og til að koma sér á þá næstu, þannig að gera má ráð fyrir að unnið sé í u.þ.b. 8 mín á stöð. Fyrirliðar úr 10. bekk eru skipaðir fyrir leikana og sjá um utanumhald á sínum hópi.

Stöðvarnar eru þannig uppbyggðar að sem allra flestir eigi möguleika á að taka þátt á hverri stöð.

Svipað snið hefur verið á jólasveinaleikum í **Vatnsendaskóla** sem eru árlega í desember.

Góðgerðardagur **Kársnesskóla** hefur fests í sessi og er nú árlegur stórviðburður í skólanum að vori. Þá vinna nemendur undir leiðsögn kennara að fjölbreyttum verkefnum s.s. búa til og selja listmuni, nytjahluti, baka bakkelsi og pizzur, setja upp ólíkar stöðvar með prautum og hinu sívinsæla draugahúsi og standa fyrir ýmsum uppákomum hér og þar um skólann og skólalóðina. Þessi hátíðardagur er í samstarfi við foreldrafélag skólans og allir sem að verkefnum dagsins koma gefa vinnu sína. Foreldrar, starfsfólk, fyrirtæki og velunnarar skólans styrkja Góðgerðardaginn veglega og njóta hin ýmsu félög góðs af, en 7. bekklingar velja hvaða félag skal styrkja ár hvert. Góðgerðardagurinn þetta skólaár verður 23. maí 2024.

Frá stofnun **Smáraskóla** hafa **hóla og fjallaferðir** verið á dagskrá. Eitt af markmiðum skólans hefur verið að efla útivistaráhuga nemenda og gefa þeim tækifæri til að upplifa einstæða náttúru landsins okkar. Á þessu skólaári verður í það minnsta farið í 5 lengri ferðir með eldri nemendum skólans. Nemendur í 6. bekk fara árlega í Gróttuferð að vori og gíst er eina nótt. Um er að ræða náttúruskoðunarferð og fara nemendur á hjólum frá skólanum. Nemendur í 8. bekk fara í „Laugavegsgöngu“ í ágúst. Um er að ræða 4 daga gönguferð þar sem nemendur fá tækifæri til að kynnst einstæðri náttúru á hálendi Íslands.

Nemendur í 7. bekk í flestum skólum fara í ferð í skólabúðirnar að Reykjum á skólaárinu og stendur sú ferð í fjóra skóladaga.

Virðingarfyllt,

Hekla Hannibalsdóttir
Verkefnastjóri grunnskóladeild